

KÍNA


Alþýðulýðveldið Kína

Nafnið þitt (Fullt nafn)

Kennitala

Önn (Haustönn eða Vorönn og ár)

Kennari: Nafn kennara



Skóli
Áfangi

Efnisyfirlit

Bls.

| | | |
|----------|---|----------|
| 1 | ALDÝÐULÝÐVELDIÐ KÍNA | 3 |
| 1.1 | TUNGUMÁL | 3 |
| 2 | HÖFUÐBORG | 4 |
| 2.1 | SAMGÖNGUR..... | 4 |
| 2.2 | FÁNI KÍNA | 4 |
| 2.3 | BORGIR KÍNA EFTIR FÓLKSFJÖLDA | 4 |
| 2.4 | FJÖLMENNNUSTU BORGIR MEGINLANDS KÍNA EFTIR ÍBÚAFJÖLDA ÁRIÐ 2020 | 4 |
| 3 | HÉRUÐ Í KÍNA | 5 |
| 3.1 | SKILGREININGAR OG STJÓRNSÝSLUFLOKKUN | 5 |
| 3.2 | HONG KONG..... | 5 |
| 4 | KÍNAMÚRINN | 6 |
| 4.1 | TRÚARBRÖGÐ | 6 |
| 5 | HEIMILDIR..... | 7 |

Myndayfirlit

MYND 1.1: KÍNVERSK TÁKN

MYND 2.1: FÁNI KÍNA

MYND 4.1: KÍNAMÚRINN

Töfluyfirlit

TAFLA 1.1: MEST TÖLUÐU TUNGUMÁL Í HEIMINUM

TAFLA 3.1: HÉRUÐ Í KÍNA

1 Alþýðulýðveldið Kína¹

1. Afganistan
2. Búrma
3. Bútan
4. Indland
5. Kasakstan
6. Kirgistan
7. Laos
8. Mongólía
9. Nepal
10. Norður-Kórea
11. Pakistan
12. Rússland
13. Tadsíkistan
14. Víetnam

Alþýðulýðveldið Kína nær yfir megnið af því svæði sem í menningarlegu, landfræðilegu og sögulegu samhengi hefur verið kallað Kína. Það er fjölmennasta ríki veraldar með yfir 1,4 milljarða íbúa sem flestir teljast til han-Kinverja. Það er stærsta ríki Austur-Asíu að flatarmáli og það fjórða stærsta í heiminum. Ríkið á landamæri að fjörtán ríkjum sem talin eru upp hér að framan.

1.1 Tungumál

Kinverska er það tungumál sem flestir eiga að móðurmáli ef litið er svo á að allar mállýskurnar séu undir sama hatti. Í kinversku eru margar ólíkar mállýskur og mismunur þeirra getur verið svo mikill að þær skiljast ekki innbyrðis. Hið opinbera talmál í Kína heitir Putonghua, eða „staðlaða málið“ og er afbrigði af mandarín-mállýsku sem er útbreiddasta mállýskan í Kína. Putonghua byggist fyrst og fremst á Peking-mállýsku (afbrigði af mandarín) og er töluð við kennslu í skólum og í útsendingum ljósvakamiðla. Tala má um kinversku mállýskurnar sem mállýskur eins tungumáls, eða sem sjálfstæð tungumál innan kinverska málastofnsins. Mállýskurnar skiptast sjálfar í minni mállýskur og stöðluð talmál.



Mynd 1.1: Kinversk tákna

Aðrar algengar mállýskur eru kantónska sem er t.d. töluð í Kanton-héraðinu og Hong Kong, Sichuan-mállýska sem er töluð í Sichuan-héraði og Shanghai-mállýska sem er aðallega bundin við borgina Sjanghai.

Tafla 1.1: Mest töluðu tungumál í heiminum

| Tungumál | Fjöldi |
|--------------------------------|-----------------|
| Enska | 1,35 milljarðar |
| Mandarínska (kinverska) | 1,12 milljarðar |
| Hindí | 600 milljónir |
| Spænska | 543 milljónir |
| Arabíkska | 274 milljónir |
| Bengalí | 268 milljónir |
| Franska | 267 milljónir |
| Rússneska | 258 milljónir |
| Portúgalska | 258 milljónir |

¹ Alþýðulýðveldið Kína er stundum kallað Meginlands-Kína til aðgreiningar frá Lýðveldinu Kína. Allt frá stofnun þess árið 1949 hefur ríkið verið undir stjórn Kommúnistaflokkks Kína.

2 Höfuðborg

Höfuðborg Alþýðulýðveldisins Kína er Peking² (stundum ritað Beijing). Á kinversku merkir nafnið „Norður-höfuðborg“. Árið 2020 bjuggu um 19 milljónir búa í Peking í borgarkjarnanum, en heildaríbúafjöldi undir lögsögu borgarinnar (stórborgarsvæðinu) var um 21,9 milljónir. Peking er miðpunktur mennta og menningar auk þess sem stjórnvöld stýra landinu þaðan. Sjanghæ og Hong Kong eru hins vegar meira áberandi hvað varðar efnahagsleg umsvif. Borgin er kunn fyrir ríkulegar hallir, hof og gríðarstóra steinveggi og hlið³.

2.1 Samgöngur

Segja má að Peking sé mikilvægasta samgöngumiðstöð landsins. Umhverfis borgina liggja fimm hríngvegir. Í borginni er neðanjarðarlestakerfi sem tekið var í notkun árið 1971. Auk þess eru léttlestir ofanjarðar sem þjóna samgöngum innan borgarinnar. Þrjár lestarstöðvar þjóna samgöngum inn og úr borginni auk nokkurra annarra lestarstöðva í útjöðrum borgarinnar; þangað koma mörghundruð lestir á hverjum degi.

Um 20 km norðaustur af miðborginni er Alþjóðaflugvöllurinn í Peking. Hluti flugvallarins var gerður upp fyrir Ólympíuleikana 2008.

2.2 Fáni Kína

Fáni Alþýðulýðveldisins Kína var tekinn upp við stofnun þjóðarinnar í júni 1949. Fáninn er rauður með eina stóru stjörnu í vinstra horninu og fjórar minni stjörnur í kringum hana. Stærsta stjarnan taknar samheldni undir stjórn Kommúnistaflokks Kína og hinur minni stjörnurnar takna fjórar samfélagstéttir Kína. Rauði liturinn taknar kommúnistabytinguna. Fáninn var hannaður af Zeng Liasong en var hann valinn úr 38 fánum í lokavali úr um 3000 fánum sem voru sendnir til ríkisstjórnarinnar.



Mynd 2.1: Fáni Kína

2.3 Borgir Kína eftir fólksfjölða⁴

Kína er fjölmennasta land heims með um 1.4 milljarða íbúa. Samkvæmt manntali Kína árið 2020 voru 105 kinverskar borgir með meira en 1 milljón manns. Alls eru 380 borgir á meginlandi Kína sem hafa fleiri íbúa en 312,000. Um 63,6% Kinverja býr í þéttbýli (2022). Mannfjöldatalning fer fram á 10 ára fresti, nú síðast 2020.

2.4 Fjölmennstu borgir meginlands Kína eftir íbúafjölða árið 2020

Borgarvæðing hefur aukist samhliða auknum íbúafjölða og efnahagsuppgangi.

| Borg | Stjórnsýsla undirhéraðs | Íbúajöldi borgarkjarna | Íbúafjöldi undir lögsögu borgar |
|-------------|--|------------------------|---------------------------------|
| • Sjanghæ | Borghérað _____ | 21.909.814 | 24.870.895 |
| • Peking | Borghérað _____ | 18.960.744 | 21.893.095 |
| • Guangzhou | Héraðsborg stýrt af fylkisstjórn _____ | 16.096.724 | 18.676.605 |
| • Shenzhen | Borg með sjálf-stætt skipulag _____ | 17.494.398 | 17.494.398 |
| • Chengdu | Héraðsborg stýrt af fylkisstjórn _____ | 13.568.357 | 20.937.757 |

² Kínamúrin, liggur að hluta í gegnum nyrðri hluta borgarinnar, varði borgina frá áhlaupum flækkinga úr auðninni.

³ Listasöfn borgarinnar og háskólar hennar gera hana að menningarmiðstöð landsins.

⁴ Erfitt getur verið að ákvarða íbúafjölda borga, bæði vegna ákvörðunar borgarmarka (sbr. Chongqing sem er bæði sveitarfélag og stórt hérað) og vegna stöðugs straums farandverkafólks til stærri borga.

3 Héruð í Kína⁵

Tafla 3.1: Héruð í Kína

| Héruð í Kína | | | | |
|----------------|---------|-----------|---------|----------|
| Anhui | Peking | Chongqing | Fujian | Gansu |
| Guangdong | Guangxi | Guizhou | Hainan | Hebei |
| Heilongjiang | Henan | Hong Kong | Hubei | Hunan |
| Innri Mongólía | Jiangsu | Jiangxi | Jilin | Liaoning |
| Makaó | Ningxia | Qinghai | Shaanxi | Shandong |
| Sjanghæ | Shansi | Shinjang | Sesúan | Tianjin |
| Tíbet | Yunnan | Zhejiang | | |

3.1 Skilgreiningar og stjórnsýsluflokkun

Kinversk stjórnsýsla telur þrjú stig borga. Í fyrsta lagi eru það borgir sem lúta sjálfstæðri stjórn sem sveitarfélög; í öðru lagi eru það borgir sem er stjórnað af fylkisstjórnum; og í þriðja lagi eru það borgir sem teljast hluti af sýslum. Þess utan eru borgirnar Hong Kong og Makaó sem teljast „sérstök sérstjórnarhéruð“.

Borgir sem eru sveitarfélög og borgir fylkisstjórnar eru ekki „borgir“ í ströngum skilningi hugtaksins, heldur fremur stjórnsýslueiningar sem samanstanda af bæði þéttbýlum kjarna (það er borg í ströngum skilningi) umlukið dreifbýli eða minna þéttbýlli svæðum.

Borgum sem stjórnað er af fylkisstjórnum er oftast skipt upp í margar sýslur. Til að greina slíkar borgir frá raunverulegum þéttbýlisvæðum (borg í ströngum skilningi) er notast við stjórnsýsluhugtakið „borgarhverfi“. Slík úthverfi geta verið mjög stórr eða meira en 3.000 ferkilómetrar.

3.2 Hong Kong⁶

Hong Kong, opinberlega Sérstjórnarhérað Alþýðulýðveldisins Kína Hong Kong, er sérstakt sjálfstjórnarhérað í Kinverska alþýðulýðveldinu, á austurbakka árósa Perlufljóts í suðurhluta Kína.

Hong Kong varð bresk nýlenda við að Tjingveldið gaf Hong Kong-eyju eftir þegar Fyrra ópíumstríðinu lauk árið 1842. Eftir Annað ópíumstríðið 1860 var nýlendan stækkuð þannig að hún náði líka yfir Kowloon-skaga. Hún var síðan stækkuð enn frekar þegar Bretar fengu 99 ára samning um Nýju umdæmin árið 1898. Alþýðulýðveldið Kína tók við stjórn svæðisins þegar samningurinn rann út árið 1997. Borgin hefur umtalsvert sjálfstæði sem sérstjórnarhérað samkvæmt hugmyndinni um eitt land, tvö kerfi. Í Hong Kong ríkir markaðshagkerfi sem er með þeim frjálslyndustu í heimi. Hong Kong á stjórnarskrárbundinn rétt til mikils sjálfræðis, þar á meðal eigin lagakerfis, eigin gjaldmiðils, eigin tollalaga og rétt til að gera alþjóðasamninga, svo sem um flugumferð og innflyttjendur. Einungis varnarmál og alþjóðasamskipti eru í höndum stjórnarinnar í Peking.

Upphaflega var svæðið þar sem Hong Kong stendur strjálbýlt sveitahérað með nokkrum fiskiþorpum. Nú eru þar ein af helstu fjármálamáðstöðvum heims og ein af stærstu verslunarhöfnum heims. Borgin er 10. mesta útflutningsland heims og 9. mesta innflutningslandið. Gjaldmiðill Hong Kong, Hong Kong-dalur, var 9. mestnotaði gjaldmiðill heims í gjaldeyrisviðskiptum árið 2019.

Hong Kong er hápróað land og er í 7. sæti á lista yfir lönd eftir visitölu um þróun lífsgæða. Í borginni eru flestir skýjakljúfar af borgum heims og íbúar þar njóta einna mesta langlífis. Yfir 90% íbúa notast við almenningssamgöngur. Loftmengun af völdum svifryks er samt mikið vandamál.

⁵ Héruð alþýðulýðveldisins eru 33 talsins (Taívan ekki meðtalið).

⁶ Hong Kong er einn af þéttbýlustu stöðum heims, með 7,4 milljón íbúa af margvislegum uppruna á 1.104 ferkilómetra svæði.

4 Kínamúrinn⁷

Kínamúrinn er u.b.b. 21.196⁸ kílómetra langur virkisveggur í Kína. Núverandi Kínamúr var að mestu byggður á tímum Ming-keisaraveldisins, en Ming-ættin ríkti í Kína á tímabilinu 1368–1644. Hann var reistur til þess að vernda Kína gegn innrásum mongólskra og tyrkneskra ættflokkum úr norðri og norðvestri. Þegar mest var stóðu rúmlega ein milljón hermannar vörð á múnrum. Kínamúrinn, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, er vinsæll ferðamannastaður í Kína og eitt þekktasta mannvirkni landsins.



Mynd 4.1: Kínamúrinn

Kínamúrinn er allt í allt 7300 km langur, ef tvöföldun er ekki tekin með þá er hann um 6700 km langur. Múrinn er að meðaltali sjö til átta metra hár og fer mest í 10 metra. Hann er sex metra breiður og hægt er að ganga ofan á múnrum og eru eins metra háir kantar ofan á múnrum svo hestar og menn falli ekki af honum. Tröppur liggja upp á múninn og á 200–300 metra fresti kemur svo upphækkaður stallur sem gaf góða sýn yfir bardagann. Þar uppi kemur svo reglulega ljósiti eða skjól fyrir hermennina í stormum. Stundum var stallurinn á tveimur til þremur hæðum og voru vopn og skotfæri geymd þar inni.

Í upphafi 20. aldarinnar var hluti mursins eyðilagður í kringum höfuðborgina. Einnig hafa verið gerð göt í gegnum vegginn fyrir vegi. Árið 1970 gekk þetta meira að segja svo langt að hluti af múnrum var rifinn niður og notaður í byggingarefnini. Í dag er litið á þetta öðrum augum og hlutinn sem var eyðilagður árið 1970 hefur verið endurbyggður og vissir hlutar af múnnum verið gerðir upp.

4.1 Trúarbrögð⁹

Í Kína má segja að þar sé að finna ekki eina þjóð heldur margar. Því er einungis hægt að tala um hefðbundna eða ríkjandi menningu og lífsstíl sem einkennir kinversku þjóðina. Kinversk menning og siðfræði er undir áhrifum konfúsíusarhyggju, daoisma, búddisma, Qi Gong og þjóðtrúar.

Fyrir um 2500 árum, á tímum Zhou ættarinnar þegar þar ríkti ófriður á milli smákónga lifðu þar tveir spekingar í Kína, Konfúsíus og Laó Tse. Þeir höfðu mikil áhrif og kenningar þeirra urðu nánast sem trúarbrögð. Konfúsíus trúði því að menn væru góðir að eðli en þeir þyrftu fræðslu. Hann trúði því að ef fólk fengu kennslu um rétta hegðun þá yrði friður en ekki lengur stríð. Fólk átti að hlusta á kennara eða höfðingja sem myndi sinna sínu fólk. Hins vegar kenndi Laó Tse mönnum að þeir ættu að lifa einföldu lífi í líkingu við lögmál náttúrunnar. Hann hélt því fram að menn ættu að stunda íhugun og innlifun til að öðlast þroska. Bókin um veginn er talinn vera bók sem Laó Tse skrifað sem er enn mikil lesin.

Trúin er margvísleg og í hverjum héraði í Kína eru ólíkar tegundir af dýrkun iðkuð. Kinversk þjóðtrú byggist á dýrkun dreka, náttúruanda, goða og forfeðra. Margir kinverjar trúá á Qi Gong, sem hefur verið löng hefð fyrir íhugun, líkamsæfinga og lífsorku. Markmiðið með því að stunda Qi er að fá hugarró og góða heilsu. Daoismi er hluti af kinversku þjóðtrúnni og eru kinversk heimspeki og trúarbrögð (sem byggja á kenningum Laó Tse frá 4. öld f.kr.). en hann gengur út á það að lifa í sátt við Dao (veginn sem er undirliggjandi kraftur alheimsins).

Dagsetning (Eyddu síðan þessum texta)

Nafnið þitt (Fullt nafn – Skáletrað – Eyddu síðan þessum texta)

⁷ Árið 1987 var Kínamúrinn settur á heimsminjaskrá UNESCO. Múrinn er nú vinsæll ferðamannastaður í Kína og á ágangur ferðamanna á múninn nú mestan þátt í að þörf er á viðhaldi og viðgerðum á honum.

⁸ Áður var talið að múninn væri næstum 9.000 kílómetra að lengd en hinar nýju mælingar sýna að hann er í raun rúmlega 21.000 kílómetra langur.

⁹ Meðlimir kinverska kommúnistaflokkins eru trúleysingjar, en kinversk stjórnvöld leyfa venjulegu fólk að iðka trúarbrögð.

5 Heimildir

- Kína. (2022, 13. nóvember). *Wikipedia, frjálsa alfræðiritið*. <https://is.wikipedia.org/wiki/K%C3%ADna>
- Kínamúrinn yfir tvöfalt lengri en áður var talið. (2012, 8. júní). *visir.is*. <https://www.visir.is/g/20121051781d>
- Kínamúrinn. (2022, 18. desember) *Wikipedia, frjálsa alfræðiritið*.
<https://is.wikipedia.org/wiki/K%C3%ADnam%C3%BArinn>
- Kínverska. (2021, 11. mars). *Wikipedia, frjálsa alfræðiritið*. <https://is.wikipedia.org/wiki/K%C3%ADnverska>
- Mochere V. (á.a.) *Topp 20 mest töluðu tungumál í heiminum 2023*. <https://victormochere.com/is/top-20-most-spoken-languages-in-the-world>